

Jarðhiti í Laugaskeri Berserkseyri, Eyrarsveit

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-2001-04

30. apríl 2001

JARÐHITI Í LAUGASKERI BERSERKSEYRI, EYRARSVEIT

Þann 11. mars 2001 skoðaði ég jarðhitastaðinn í Laugaskeri við Berserkseyri í Eyrarsveit. Meiningin var að reyna að ákvarða sprungustefnu sem jarðhitinn fylgdi. Stórstreymt var og lágsjavað þegar rannsóknin fór fram. Hreinn Bjarnason bóndi á Berserkseyri sagði mér að straumur þessi nefndist góuginur. Birgir Guðmundsson sá um að ferja mig út í skeristöð á gúmbát, Hreinn kom einnig með. Ég var í kafarabúningi en setti á hann gat þegar ég var að bröлта utan í skerinu svo lítið varð úr köfun. Þótt lágsjavað væri náði sjór aldrei að falla alveg frá lauginni í skerinu og mun fremur lágur loftþrýstingur og etv. álandsvindur hafa valdið því. Logn og sléttur sjór var þegar við komum í skeristöð en nokkru síðar fór að anda af norðaustri og gáraði þá sjóinn, síðan fór að rigna. Meðan slétt var mátti sjá bólustreymi frá uppkomuaugum bæði í pollum í skerinu og á sjávarbotni í næsta nágrenni laugarinnar. Fjarsta bólustreymið var ekki nema 20 - 25 m frá lauginni. Ekki var að sjá ákveðna stefnu á uppsrteyminu en ef miðað var við þetta fjarsta uppstreymi var hún til VNV.

Heita vatnið í lauginni kemur úr holu í samantakaðri mól, 10 cm víðri. Hiti mældur með hitamælisstaf og kvikasilfursmæli (hámarksæli) reyndist 41°C, sem er lægra en aðrir hafa mælt og stafar líklega af sjóblöndun í uppkomuauganu því sjór gutlaði inn í það. Hiti í bólustreymisauugum mældist með staf 1 - 1,5 °C yfir sjávarhita en þetta ber vitni um lítið vatnsstreymi frá augunum og/eða lágan hita vatnsins. Minnsta fjarlægð frá landi og út í Laugasker er um 380 m.

Meira var ekki gert og ljóst má vera að ekki tókst að gera nýtanlegar stefnumælingar.

Baldur Gíslason starfsmaður RARIK á Stykkishólmi, skoðaði staðinn við kjöraðstæður fyrr í vetur og reyndi þá að meta sprungustefnu í jarðhitunum. Þá sá hann hitauppstreymi 40 m beint vestan við lagina. Þar var ekki bólustreymi en vatnsuppstreymið hafði örlítið annan lit en sjórinna umhverfis. Staðarákvörðun á uppstreyminu misfórst en stefnuákvörðun sýndi horf í hávestur. Eftir lýsingum Reynis að dæma virðast mér þetta áreiðanleg stefna. Meginlína jarðhitans er því sennilega mjög nálægt austur vestur stefnu.

Staðarákvarðanir með GPS-tæki (WGS84)

X	Y	Z	Staður
64°58.102	23°05.169	0.0	Laugin í Laugaskeri
64°58.101	23°05.188	-2	Ysta sjáanlega bólustreymi
64°57.925	23°05.577	2	Borhola SN-80
64°57.896	23°05.244	1.5	Borhola SN-10
64°57.843	23°04.953	2	Borhola SN-79